

Ársskýrsla UN WOMEN á Íslandi 2012



Ávarp utanríkisráðherra



Þótt umtalsverður framgangur hafi orðið hvað varðar þriðja þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna um aukið kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna, búa konur og stúlkur enn við víðtækan ójöfnuð og mismunun, sérstaklega í fátækari ríkjum heims. Víða standa þær höllum fæti miðað við karla, bæði í félagslegu og efnahagslegu tilliti, og gegna síður valdastöðum í samfélaginu. Konur og stúlkur eru í miklum meirihluta þeirra sem búa við fátækt og meirihluti þeirra sem verða fyrir ofbeldi. Það á ekki síst við á stríðshrjáðum svæðum þar sem kynferðislegt ofbeldi er víða notað sem vopn í átökum. Þetta er óþolandi ástand. Kynbundið misrétti og ójöfnuður er ekki aðeins brot á grundvallarmannréttindum heldur hamlar það framförum og framvindu þúsaldarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um þróun.

Það er því forgangsmál í alþjóðlegri þróunarsamvinnu íslenskra stjórnvalda að unnið sé markvisst að auknu kynjajafnrétti og bættri stöðu kvenna, og var nýlega lögð lokahönd á nýja jafnréttisstefnu þar sem þetta er áréttað. Þá höfum við á síðastliðnum misserum farið yfir öll verkefni sem íslensk stjórnvöld veita framlög til og greint þau með tilliti til jafnréttismála. Það er ánægjulegt að geta sagt að á árinu 2011 höfðu tæplega 80% verkefna kynjajafnrétti og valdeflingu að meginmarkmiði eða var ætlað að stuðla að því á marktækan hátt. Þetta sýnir að stefnu Íslands er framfylgt í reynd – hún er síður en svo orð á blaði. Verkefni Íslands skipta máli, og oft geta þau skipt sköpum fyrir stúlkur, konur og mæður í þróunarríkjunum, rétt eins og ég varð vitni af þegar ég heimsótti Malaví á sl. ári. Mér mun seint líða úr minni setning agnarsmárrar ljósmóður sem starfar á fæðingadeild sem byggð var fyrir íslenskt þróunarfé – en hún sagði stolt við mig: „börnin lifa hjá okkur!“ Í Malaví sá ég hvernig þróunarfé sem varið er til að bæta heilsu kvenna og mæðra hefur margfeldisáhrif út í samfélagið.

Starf Landsnefndar UN Women á Íslandi er gífurlega öflugt og hefur vakið athygli langt út fyrir landsteinana. Hún sinnir bæði mikilvægu fræðslustarfi á Íslandi um stöðu kvenna í þróunarlöndum og fjáröflunarstarfi í þeirra þágu. Landsnefndin hefur sinnt verkefnum sínum af alúð en meðal þeirra er að veita öllum útsendum sérfræðingum á vegum Íslensku friðargæslunnar fræðslu um jafnréttismál og ályktanir öryggisráðs SP um konur, frið og öryggi. Fræðslan, sem veitt er af mikilli þekkingu, hefur aukið færni starfsmanna svo um munar og gert þeim betur kleift að stuðla að auknu kynjajafnrétti í gegnum störf sín á vettvangi. Það er óhætt að segja að kraftar landsnefndarinnar hafi auk þess nýst utanríkisráðuneytinu vel á undanförunum árum og það var því með mikilli ánægju sem ég undirritaði í nóvember síðastliðnum samning um áframhaldandi samstarf ráðuneytisins við Landsnefnd UN Women á Íslandi til ársins 2015. Megi þetta góða og farsæla samstarf halda áfram um ókomna tíð.

Við verðum að standa við stóru orðin

Árið 2012 var enn eitt merkisárið í starfi landsnefndar UN Women á Íslandi. Nefndin náði að auka framlög til verkefna á vegum UN Women um tæp 50 prósent frá fyrra ári. Árið hófst á því að stjórnin setti fram metnaðarfull markmið til þriggja ára með það að leiðarljósi að auka framlag okkar til verkefna á vegum UN Women. Markmiðum ársins 2012 var náð með glæsibrag og framlög landsnefndarinnar til verkefna UN Women uxu í takt við það. Niu hundruð nýir styrktaraðilar gengu í Systralagið á árinu og voru mánaðarlegir styrktaraðilar því orðnir rúmlega 3.000 í lok árs. Þeir eru traustasta stoð starfsins og án þeirra gætum við ekki aukið framlag okkar jafn hratt og raun ber vitni. Landsnefndin er mjög stolt af vexti Systralagsins enda markmiðið að ná til eins margra og mögulegt er með sem minnstum tilkostnaði. Sérfræðingur sem gerði úttekt á Systralagi samtakanna gaf því einstaklega góða umsógn og þótti merkilegt hversu vel við höfðum náð til fólks án þess að hafa veitt í það verulegum fjármunum. Íslenska landsnefndin er núna talin fyrirmynd og hvetja höfuðstöðvar UN Women aðrar landsnefndir til að feta í fótspor okkar. En betur má ef duga skal og við stefnum ótrauð á að fjölga styrktaraðilum á komandi árum.

Á árinu 2012 bættum við einnig heldur betur við sjálfbodaðateymið okkar og erum við mjög stolt af stofnun ungmennaráðs UN Women á Íslandi. Ráðið hefur staðið undir væntingum og gott betur!

Margir skemmtilegir og áhugaverðir viðburðir voru á árinu 2012 eins og reifað er hér í ársskýrslunni og vil ég fyrir hönd stjórnar þakka öllum þeim einstaklingum og fyrirtækjum sem lögðu hönd á plóg kærlega fyrir frábært og gjöfult samstarf. Landsnefndin skrifaði einnig undir nýjan samstarfssamning við utanríkisráðuneytið en landsnefndin og ráðuneytið hafa átt mjög farsælt samstarf undanfarin ár. Framlag ráðuneytisins til reksturs landsnefndarinnar er mjög mikilvægt til þess að skapa grundvöll fyrir rekstrinum og er nýr þriggja ára samningur sérstakt gleðiefni.

Við erum stolt af því hversu vel landsnefndin hefur dafnað undanfarin ár og að framlag okkar til UN Women hefur aukist jafnt og þétt ár frá ári. Við sjáum að framlögin frá Íslandi skipta verulegu máli. Því miður fær UN Women ennþá alltof lítið af framlögum

til þess að sinna öllum þeim verkefnum sem brýnt er að hrinda í framkvæmd í heiminum til að auka raunverulegt kynjajafnrétti.

Nú loksins hafa öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna sameinast um það markmið að nauðsynlegt sé að enda ofbeldi gegn konum og stúlkum. Þegar Sameinuðu þjóðirnar fóru fyrir tíu árum síðan að beita sér gegn kynbundnu ofbeldi voru aðildarþjóðirnar ekki samstíga – en þær eru það nú. Slíkt ofbeldi á sér stað í öllum löndum og það tekur á sig margvísleg form; það skaðar konur og fjölskyldur þeirra og hefur áhrif á samfélögin sjálf. Ef einungis er horft til fjárhagslegs kostnaðar er hann ógurlegur í formi vinnutaps og aukins álags á heilbrigðisþjónustu. Samhljómurinn nú við borð Sameinuðu þjóðanna er í takt við þær fjölmörgu raddir sem segja að nú sé nóg komið. Kallað er á sterkari viðbrögð við ofbeldi. Nú verður að hraða aðgerðum, auka aðstoð við þá sem verða fyrir ofbeldi og fyrirbyggja að það eigi sér stað. Samþykki allra ríkja sem náðist

á fundi Kvenna- nefndar SP nú í mars felur í sér skýr skilaboð um að mis- munun kynja og kynbundið ofbeldi á ekki að líðast á 21. öldinni. Og nú er tíminn til þess að standa við stóru orðin. Við hér á Íslandi munum svo sannarlega leggja okkar lóð á vogarskálina. Ég hvet ykkur öll til þess að halda áfram að leggja UN Women lið því við höfum svo sannarlega sýnt að saman getum við haft fiðrilda- áhrif!



Regína Bjarnadóttir, formaður

Efnisyfirlit

4

Þema - Kvennamorð

5

Styrktarkvöldverður

6

Styrktarsjóður SP til afnáms ofbeldis gegn konum

7

Appelsínuguli dagurinn og verndarar UN Women

8

Innanlandsstarf

11

Utanríkisráðuneytið og ungmennastarf

12

Overview of the year – English summary

14

Ársreikningur

15

Stjórn UN Women á Íslandi 2012-2013

Kvennamorð: Ofbeldi gegn konum er heimsfaraldur

Líkt og undanfarin ár hefur UN Women á Íslandi safnað fé til Styrktarsjóðs SP til afnáms ofbeldis gegn konum og stúlkum (lesa má nánar um sjóðinn á síðu 6). Eitt af áherslumálum sjóðsins á árinu voru kvennamorð (e. *femicide*). Íslenska landsnefndin lagði ríka áherslu á að fræða almenning um kvennamorð á vefsíðu, fésbókinni og í kynningum.

Kerfisbundin morð á konum og stúlkum þekkjast víða um heim og virðist umburðarlyndi gagnvart þeim vera venjan frekar en undantekningin líkt og fram kemur í skýrslu Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna.* Slík morð eiga sér fjölmargar birtingarmyndir og eiga sér stað innan veggja heimilisins, á opinberum vettvangi eða af hálfu ríkisins.

Samkvæmt tölum Alþjóðabankans eiga konur og stúlkur fremur á hættu að vera beittar ofbeldi en að smitast af malaríu, fá krabbamein eða lenda í bílslysi til samans. Konur og stúlkur eru beittar ofbeldi af hendi maka eða sambýlismanns, drepnar vegna ótta við að þær séu nornir, vegna óánægju tengdafjölskyldu með heimanmund, vegna kynhneigðar eða þjóðernis síns eða láta lífið í vopnuðum átökum. Fjöldi kvenna og stúlkna lætur lífið á hverjum einasta degi vegna svokallaðra „heiðursmorða“ þar sem þær þykja hafa kastað rýrð á heiður fjölskyldunnar. Jafnframt má líta á það sem kerfisbundin morð þegar konur deyja vegna illa framkvæmdra fóstur-eyðinga, af barnsförum, vegna mansals og/eða skipulagðrar glæpastarfsemi, vanrækslu eða illrar meðferðar af hálfu ríkis eða einstaklings.

Mikilvægt er að líta ekki á slík morð sem einstaka, óvænta atburði heldur verður



Í Brasilíu deyja 10 konur daglega, eingöngu vegna heimilisofbeldis.

Í Suður-Afríku er kona myrt af maka sínum á sex klukkustunda fresti.

Um 100.000 stúlkur hafa „horfið“ á Indlandi.

Í Gvatemala voru Maya-konur 88% fórnarlamba ofbeldis í 36 ára löngum átökum. Í þeim tilfellum sem gerandi giftist þolanda var ekki dæmt í þessum málum.

Um 25.000 nýfædd stúlkubörn eru myrt árlega í Kerala-héraði á Indlandi og dánartíðni meðal stúlkna undir 5 ára er 21% hærri en meðal drengja.

Tæplega 48 konum er nauðgað á hverjum einasta klukkutíma í Kongó.

3.000 almennir borgarar létust vegna átaka í Afganistan árið 2011. Sama ár létust 18.000 konur við það eitt að fæða barn.

að horfa til þess samhengis sem þessir glæpir eiga sér stað í. Í skýrslunni er skýrt tekið fram að morðin gegni þeim tilgangi að undirstrika og viðhalda samfélagslegum valdatengslum milli kynja, kynþátta og stétta og varðveita þannig misrétti milli hópa. Konur sem búa við sífella ógn af ofbeldi og misrétti eru alltaf á aftökudeild, þær eiga stöðugt á hættu að vera teknar af lífi. Þær hafa verið sviptar réttinum til lífs.

Til þess að efla konur og stuðla að mannréttindum, frelsi og jafnrétti telur UN Women það vera grundvallaratriði að ofbeldi gagnvart konum sé útrýmt. Ásamt öðrum stofnunum SP vinnur UN Women með ríkjum að því að taka upp löggjöf til að útrýma hvers kyns ofbeldi gagnvart konum og stúlkum og að auka þjónustu við þolendur. UN Women gerir einnig kröfu um að meira fé sé varið í forvarnir og fræðslu sem samtökin telja vera skilvirkustu leiðina til að uppræta ofbeldi gegn konum.

*Report of the Special Rapporteur on violence against women, its causes and consequences, Rashida Manjoo

Styrktarkvöldverður UN Women



Þann 17. nóvember stóð íslenska landsnefndin fyrir glæsilegum styrktarkvöldverði í Þjóðleikhúskjallaranum fyrir Styrktarsjóð SP til afnáms ofbeldis gegn konum og stúlkum. Sjóðurinn hefur ár hvert áhrif á líf 24 milljóna kvenna og stúlkna og styrkir verkefni í 127 löndum. Gestir kvöldsins fögnuðu þeim árangri sem styrkþegar sjóðsins hafa náð í sínum samfélögum; brotið upp skaðlega menningarbundna siði og verið fyrirmyndir annarra kvenna og komandi kynslóða.

Heiðursgestur kvöldsins var Meryem Aslan, framkvæmdastýra sjóðsins. Anna Svava Knútsdóttir og Bergur Ebbi Benediktsson sáu um að halda gleðinni í hámarki ásamt frábæru tónlistarfólki



og má þar á meðal nefna Jón Jónsson, Snorra Helgason og Mr. Sillu og Unnstein úr Retro Stefson. Dúkkulísurnar luku kvöldinu með stæl og er óhætt að segja að gestirnir hafi gengið út með bros á vör.



Landsnefndin fann fyrir gífurlegum velvilja í aðdraganda kvöldverðarsins en fjöldi sjálfboðaliða kom að undirbúningi kvöldsins og allir listamenn gáfu vinnu sína. Helga Mogensen og Sveinn Kjartansson buðu upp á þriggja rétta ferðalag um heiminn. Fyrirtæki lögðu til allan mat og fjölda glæsilegra vinninga



og kunnum við öllum þeim sem lögðu okkur lið við undirbúning og á kvöldinu sjálfu kærar þakkir. Yfir tvær milljónir króna söfnuðust á kvöldverðinum.

Þakkir fá:

Þjóðleikhúsið, Bananar, Garri, SS, Bændasamtökin, Eggjabú, Fiskikóngurinn, Fjarðarlax á Tálknafirði, Vinnlustöðin í Vestmannaeyjum, Godthaab í Nöf, Sandholt, Yndisauki, K. Karlsson, Eldhestar, Elding, Bíó Paradís, Borgarleikhúsið, ELLA, Hrefna Sætran, Andrea Maack, KronKron, Sara Riel, Hringa, WOW Air, World Class, Íslenski dansflokkurinn, Síminn, Advania, Lambakjot.is, Nesbú og Sælkeradreifing.



Styrktarsjóður Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum og stúlkum

Styrktarsjóðurinn var stofnaður á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1996. Síðan hann tók til starfa hafa yfir 330 verkefni í 127 löndum hlotið styrki. Styrktarsjóðurinn er eini sjóður Sameinuðu þjóðanna sem vinnur eingöngu að því að uppræta ofbeldi gegn konum og stúlkum og er hann rekinn undir hatti UN Women.

„Ofbeldi gegn konum er dæmi um mannréttinda- og heilsufarslegt neyðarástand,” sagði Michelle Bachelet, framkvæmdastýra UN Women. „En þetta er ekki óumflýjanlegt ástand. Með auknum pólitískum vilja, fjárveitingu og vandlega þróuðum verkefnum verður ofbeldi gegn konum á undanhaldi. Með styrkjum er réttum aðilum gefinn kostur á að koma slíkum verkefnum í framkvæmd.”

Styrktarsjóðurinn hefur frá upphafi lagt áherslu á að styrkja grasrótarsamtök sem berjast fyrir bættri stöðu kvenna. Ennfremur styður sjóðurinn samstarf frjálsra félagsamtaka og stjórnvalda á hverjum stað, sem nauðsynlegt er til að raunverulegur árangur náist. Sérstaða sjóðsins felst í að styrkja lausnir sem þróaðar eru í grasrótinni sjálfri.

Samkeppnin um styrki úr sjóðnum er hörð. Á hvert berast í kringum 2.200 umsóknir en aðeins er hægt að styrkja að meðaltali 22 verkefni árlega. Upphæð hvers styrks er tiltölulega lág en yfirbygging hvers verkefnis er einnig mjög lítil. Segja má að styrkir sjóðsins séu ein skilvirkasta þróunaraðstoð sem völ er á.

Ef ekki væri fyrir þrotlaust og óeigin-gjarnt starf styrkþeganna myndu tugir þúsunda kvenna og stúlkna um heim allan hvorki þekkja rétt sinn né hafa aðgang að úrræðum eftir að hafa verið beittar ofbeldi. Því eru margföldunar-áhrifin ómælanleg.

Helstu áherslur sjóðsins eru:

Afnám ofbeldis gegn konum og stúlkum
Aukið aðgengi þolenda ofbeldis að viðeigandi þjónustu

Sterkari löggjöf og stefnumótun um ofbeldi gegn konum

Íslenska landsnefndin hefur verið dyggur stuðningsaðili styrktarsjóðsins undanfarin ár og finnur fyrir stuðningi landsmanna við málefnið. Ofbeldi

gegn konum leiðir af sér heilsufarslegt, efnahagslegt og samfélagslegt neyðarástand og er ein helsta fyrirstaða þess að árangur náist í jafnréttismálum, efnahagslegri þróun og að viðhalda friði. Íslendingar leggja sjóðnum lið í gegnum Systralag UN Women á Íslandi og í dag styðja yfir 3.000 karlar og konur sjóðinn með mánaðarlegum styrkjum.



Trejan frá Kambódíu:

„Ég frétti af því að mágur minn ætlaði að selja dóttur sína. Ég hringdi í hann og spurði hvernig hann gæti selt sína eigin dóttur. Ég sagði honum að skila henni til móður sinnar undir eins eða ég myndi kæra hann til lögreglunnar,” segir Trejan sem var kokkur á veitingastað í Siem Riep í Kambódíu.

„Viku seinna tók ég eftir því að mágur minn var búinn að kaupa sér nýtt vélhjól; Honda Dream,” heldur Trejan áfram. Hún komst að því að mágur hennar hafði keypt hjólið fyrir söluandvirði dóttur sinnar. Þegar Trejan ætlaði til lögreglunnar til að kæra mág sinn hellti hann yfir hana sýru til þess að þagga niður í henni. Andlit og líkami Trejan afmyndaðist algjörlega og þurfti hún m.a. að hætta í vinnunni.

Trejan er því miður ein af mörgum konum sem eru fórnarlömb sýruárása. Sýra er ódýrt og aðgengilegt vopn sem leggur líf þúsunda kvenna og stúlkna í rúst í Kambódíu. Algengt er að konur verði fyrir sýruárásam fyrir að óhlýðnast fjölskyldu sinni, eiga í ástarsamböndum eða sækja um skilnað frá ofbeldisfullum eiginmönnum. Sjúkrakostnaður er hár og áfallahjálptakmörkuð. Því styður styrktarsjóður UN Women við athvarf fyrir fórnarlömb sýruárása í borginni Siem Reap. Þar er konum tryggð lækniþjónusta, sálfræðiaðstoð og jafningjastuðningur. Trejan býr nú í athvarfinu og unír sér vel. Hún vinnur hörðum höndum að því að koma aftur undir sig fótunum, fá nýja vinnu og styðja við konur sem hafa lent í sömu stöðu og hún.

Appelsínuguli dagurinn

Íslenska landsnefndin lét ekki sitt eftir liggja í hinu alþjóðlega átaki sem nefnt hefur verið Appelsínuguli dagurinn. Átakið er partur af UNITE-herferð Saminuðu þjóðanna undir forystu Ban Ki-moon aðalritara SP og UN Women þar sem fólk var hvatt til þess að klæðast appelsínugulu 25. dag hvers mánaðar í fimm mánuði. Átakinu lauk 25. nóvember á alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi.

UN Women á Íslandi hvatti landsmenn og -konur til að klæðast appelsínugulu, taka af sér mynd og senda sam-tökunum. Myndirnar birtust á fés-bókarsíðu UN Women. Átakinu lauk með pompi og pragt og náði hámarki í ágúst þegar samtökin ásamt verslunar-eigendum gerðu Laugarveginn appelsínugulan með samstilltu átaki. Verslunin Nostalgía fékk ungar konur til þess að klæðast búrkum fyrir utan

verslunina og gátu gangandi vegfar-endur rætt við stúlkurnar um stöðu kvenna í Afganistan. Söngkonan Elín Ey flutti einnig nokkur lög. Verslunin Móðir, kona, meyja og Nostalgía gáfu samtökunum 10 prósent af andvirði allra seldra vara þann dag.

Appelsínuguli dagurinn í september var tileinkaður nýskipuðum verndurum UN Women. Ungmennaráð UN Women stóð fyrir appelsínugula deginum í október. Dagurinn var tileinkaður pak-istönsku hetjunni Malölu sem barist hefur ötullega fyrir aðgengi stúlkna að menntun. Ungmennaráðið fagnaði deg-inum með skemmtikvöldi á Kex hostel. Þar stigu Unnur Ösp Stefánsdóttir leik-kona og kynjafræðikennarinn Hanna Björg Vilhjálmsdóttir á stökk og héldu stutt erindi. Að því loknu héldu Elín Ey, Slowstep og Ylja uppi fjörinu fyrir troðfullu húsi. Þá var síðasta appelsínu-



gula deginum fagnað í nóvember með ljósagöngu (sjá síðu 8-10).

Verndarar UN Women



Sigríður Dúna Kristmundsdóttir mannfræðingur og Unnur Ösp Stefánsdóttir leikkona voru skipaðar verndarar UN Women á Íslandi til tveggja ára þann 25. september við

táknræna athöfn í Grasagarðinum í Laugardal.

Verndarar UN Women hafa það hlutverk að auka sýnileika samtakanna, vekja almenning til vitundar og stuðla að við-horfsbreytingu hvað málefni kvenna í fátækustu löndum heims varðar.

Sigríður Dúna og Unnur Ösp hafa báðar verið ötular talskonur fyrir bættum hag kvenna og fagna samtökin því að þessar kjarnakonur hafi samþykkt að leggja þessum mikilvæga málstað lið.

Í Grasagarðinum var gróðursett ilm-björk til heiðurs konum um heim allan.

Sólveig Arnardóttir leikkona og Þor-steinn Bachmann fóru með erindi við athöfnina og að henni lokinni var fagnað með appelsínugulum veit-ingum á Kaffi Flóru.



Innanlandsstarf

Fjáröflun

Systralagið

Systralagi UN Women var ýtt úr vör árið 2009 og hefur það vaxið hratt og örugglega síðan þá. Systralagið er helsta fjáröflunarleið samtakanna og gerir þeim kleift að styrkja Styrktarsjóð SP til afnáms ofbeldis gegn konum. Í dag styrkja rúmlega 3.000 karlar og konur systur sínar í fátækustu löndum heims og leggja þannig sitt af mörkum til að uppræta ofbeldi gegn konum.

Götukynnar

Þriðja árið í röð réð UN Women öflugan hóp af ungu fólki til að sinna fjáröflun og kynningarstörfum fyrir samtökin yfir átta vikna tímabil. Starfið felst í því að kynna UN Women með götukynningum og úthringingum og bjóða fólki að gerast styrktaraðilar. Starfið er sérstaklega mikilvægt því það stuðlar að því að efla helstu tekjulind samtakanna. Hátt í 50 manns sóttu um í ár en óhætt er að segja að hópurinn sem varð fyrir valinu hafi verið skemmtilegur og öflugur.

Dansnámskeið

Síðastliðið haust stóðu samtökin fyrir fjögurra vikna dansnámskeiði í Baðhúsinu sem kallaðist „Dansað í kringum heiminn“. Kennir voru fjórir ólíkir dansstílar; afró, Bollywood, magadans og samba. Auk þess að dansa fengu viðstaddir að fræðast um konur frá hverju dansmenningar-svæðanna sem barist hafa hetjulega fyrir auknum réttindum kvenna í heimalöndum sínum. Allir danskennararnir unnu í sjálfbóðaliðavinnu og Baðhúsið lánaði húsnæði sitt. Kennarar voru Álfheiður Anna Pétursdóttir, Margrét Erla Maack, Þórdís Nadia Semichat og Kristín Bergsdóttir.

Leiksýning í Borgarleikhúsinu

UN Women og Borgarleikhúsið með hina hæfileikaríku Unni Ösp Stefánsdóttur í fararbroddi efndu til sérstakrar styrktarsýningar á verkinu Eldhaf (f. Incendies, e. Scorched) eftir Wajdi Mouawad í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Allur ágóði af sýningunni rann til UN Women. Í lok þessarar áhrifamiklu sýningar gáfu leikarar og leikstjóri sér tíma til að ræða um verkið við áhorfendur. UN Women kann Borgarleikhúsinu, Magnúsi Geir Magnússyni, Unni Ösp Stefánsdóttur, Jóni Páli Eyjólfssyni, Birgittu Birgisdóttur, Guðjóni Davíð Karlssyni og Láru Jóhönnu Jónsdóttur kærar þakkir fyrir.

Styrktartónleikar

Tónlistarveitan Gogoyoko setti á laggirnar styrktartónleikaröð og fyrsta góðgerðarmálefnið sem varð fyrir valinu var starf UN Women. Tónleikarnir voru haldnir á Gauki á Stöng og heppnuðust vel. Fram komu Tilbury, Mammút, Snorri Helgason og Mr. Silla, Elín Ey og Muck. Þá stóðu Gogoyoko og Hressingarskálinn fyrir styrktartónleikum síðar í mánuðinum. Tónlistarfólkið Snorri Helgason og Mr. Silla tróðu upp á þeim tónleikum. Þau fengu að velja sér málstað og varð UN Women fyrir valinu. Samtökin þakka öllum þeim sem komu að tónleikunum fyrir frábæra listviðburði og ómetanlegan stuðning.

Styrktarsýning í Bíó Paradís

Samtökin áttu í farsælu samstarfi við Bíó Paradís á árinu. Eftir Ljósagöngu UN Women þann 25. nóvember stóðu Bíó Paradís og Evrópustofa fyrir styrktarsýningu á verðlaunamyndinni Skemmd epli (Tyrannosaur). Allur ágóði af sýningunni rann til UN Women á Íslandi. Þá sýndi Bíó Paradís einnig sádi-arabísku kvikmyndina



Wajidia eftir leikstjóran Haifaa Al Mansour, en hún er fyrsti kvenkyns leikstjóri Sádi-Arabíu.

Reykjavíkumaraþon

Hið árlega Reykjavíkumaraþon fór fram þann 18. ágúst og sem fyrr hljóp fjöldi fólks til styrktar UN Women. Dagurinn var einstaklega fallegur. Samtökin stóðu fyrir svokölluðu fiðrildafjöri meðan á hlaupinu stóð og vel valið klappstýrulið hvatti okkar fólk áfram í morgunsólinni. Landsnefndin þakkar hlaupurunum og þeim sem hétu á þá kærlega fyrir stuðninginn en í heild í söfnuðust 230.000 krónur.

Jóla kort

Ungmennaráð UN Women stóð fyrir jólakortasölu í desember. Jólakortin voru hönnuð af grafíska hönnuðinum Sóleyju Kristjánsdóttur og gekk salan vel. Þess má geta að kaffihúsið Laundromat seldi einnig jóla kort fyrir samtökin.

Gjafabréf UN Women

Hægt er að kaupa gjöf sem gefur áfram í vefverslun UN Women. Gjafabréfin eru sérstaklega glæsileg og voru hönnuð af Kötlunni Völudóttur. Hægt er að styrkja athvarf fyrir þolendur sýruárása í Siem Reap, neyðarsíma fyrir konur í Palestínu og festa kaup á ljósastaurum til að lýsa upp dimm stræti Kampala í Úganda. Þá hafa samtökin einnig útbúið minningarkort eftir þörfum. Nánari upplýsingar um gjafabréfin má finna á heimasíðu samtakanna.

Söfnunarbaukar

UN Women lét útbúa söfnunarbauka til að hafa á kaffihúsum borgarinnar.





Þetta litla verkefni hefur gengið vel og við þökkum öllum þeim sem hafa teygst sig eftir klinkinu og látið renna til góðs málstaðar.

Réttindagæsla

Fundur kvennanefndar SP

Starfsfólk UN Women á Íslandi var viðstatt hinn árlega fund kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna sem fram fór í höfuðstöðvum SP í New York í febrúar. Þar sátu starfskonur sem áheyrnarfulltrúar á allsherjarþinginu, tóku þátt í hinum ýmsu málþingum og funduðu með starfslíði höfuðstöðva UN Women og öðrum landsnefndum.

Ráðstefna um meðferð kynferðisbrota

Framkvæmdastýra UN Women tók þátt í ráðstefnu um meðferð kynferðisbrota á vegum innanríkisráðuneytisins, lagadeildar HÍ og Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr. Þar hélt hún erindi á málstofu sem titluð var „Rannsókn nauðgunarmála – hvað leiðir til ákæru?“ ásamt Jóni Þóri Ólafsyni, Björgvini Björgvinsyni, Eyrúnu Jónsdóttur, Kolbrúnu Benediktsdóttur og Þorbjörgu I. Jónsdóttur.

Heimsókn frá Bosníu

Framkvæmdastýra tók á móti Ráðherra-nefnd Bosníu, starfsfólki UN Women og fulltrúum kvennasamtaka frá Bosníu á skrifstofu íslensku landsnefndarinnar og kynnti fyrir þeim mismunandi leiðir sem íslenska landsnefndin hefur farið í fjáröflun og réttindagæslu.

Vitundarvakning

Ungmennaráð

Hópur kraftmikilla ungmenna tók sig saman á árinu og stofnaði fyrsta ungmennaráð UN Women á Íslandi. Markmið ungmennaráðsins er að fræða jafn-

aldra sína um jafnréttismál í fátækustu löndum heims og á stríðsátakasvæðum og um verkefni UN Women. Þetta hópur duglegra ungmenna vann að stofnun ungmennaráðsins fyrir hluta ársins ásamt Frimanni Sigurðssyni og Heru Sigurðardóttur. Í lok september var efnt til kynningarfundar og fór mætingin fram úr björtustu vonum. Í október var haldinn stofnfundur og kosið í níu manna stjórn. Formaður ungmennaráðsins er Salka Margrét Sigurðardóttir og í stjórn eru: Alda Elísa Andersen, Anna Kristín Gísladóttir, Bryndís Silja Pálmadóttir, Elín Margrét Böðvarsdóttir, Elínborg Kolbeinsdóttir, Freyja Barkardóttir, Snæfríður Ólafsdóttir og Steinn Einar Jónsson.

Reykjavík Shorts & Docs

UN Women átti í skemmtilegu samstarfi við heimildarkvikmyndahátíðina Reykjavík Shorts & Docs. UN Women ásamt W.O.M.E.N, samtökum kvenna af erlendum uppruna, stóð fyrir mótöku á undan opnunarmynd hátíðarinnar *Town of Runners*. Þá stóðu samtökin fyrir pallborðsumræðum á eftir kvikmyndinni *Sarabah*. Myndin fjallar um afskurð á kynfærum kvenna. Pallborðsumræðurnar voru heldur betur líflugar en umskurður og lýtalækningar á kynfærum kvenna voru þema umræðnanna. Verkefnastýra UN Women var fundastjóri en í pallborði sátu Ebba Margrét Magnúsdóttir, sérfræðingur á kvennadeild Landspítalans, Inga Hrönn Häsler mannfræðingur og Maya Jakubowicz kvikmyndagerðarkona. Þá tók verkefnastýra UN Women einnig þátt í pallborðsumræðum um mansal að lokinni sýningu myndarinnar *The Price of Sex* ásamt Höllu Gunnarsdóttur aðstoðarkonu innanríkisráðherra, Steinunni Gyðu- og Guðjónsdóttur, verkefnastýru Kristín-

arhúss og Öldu Hrönn Jóhannsdóttur, settum lögreglustjóra á Suðurnesjum.

Ljósaganga og áskorun

Líkt og undanfarin ár stóð UN Women fyrir ljósagöngu 25. nóvember í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi. Ljósaganan markar upphaf 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi sem unnið er í samvinnu við önnur íslensk félagasamtök. Í upphafi göngunnar var fólk hvatt til þess að skrifa undir eftirfarandi áskorun: „Við krefjumst þess að stjórnvöld geri ALLT sem í þeirra valdi stendur til að útrýma ofbeldi gegn konum: hér heima og að heiman!“ Hildur Lillendahl Viggósdóttir og Hanna Björg Vilhjálmsdóttir voru heiðraðar af samtökunum fyrir baráttu sína fyrir auknu jafnrétti og leiddu þær gönguna úr Alþingisgarðinum upp í Bíó Paradís við Hverfisgötu þar sem boðið var upp á heitt kakó og piparkökur. Hátt í hundrað manngengu með samtökunum á þessu fall-ega nóvemberkvöldi.





Kynningar og fræðsla

Starfsfólk skrifstofu og stjórnarfolk kynnti starf UN Women í skólum og hjá ýmsum félögum á árinu. Má meðal annars nefna ABC-skólann, mannfræðinema við Háskóla Íslands, ungt fólk í atvinnuleit í Hinu húsinu, nemendur Kvinnaskólans í Reykjavík og Flensborgarskóla og hjá meðlimum Power-talk International.

Málþing: Ofbeldi gegn konum er heimsfaraldur

Landsnefndin stóð fyrir málþingi ásamt Alþjóðlega jafnréttisskólannum (GEST) og utanríkisráðuneytinu. Yfirskrift málþingsins var *Ofbeldi gegn konum er heimsfaraldur* og var heiðursgestur Meryem Aslan, framkvæmdastýra Styrktarsjóðs SP til afnáms ofbeldis gegn konum. Hún ræddi mismunandi birtingarmyndir kynbundins ofbeldis í fátækustu löndum heims. Elín Rósa Sigurðardóttir sérfræðingur hjá utanríkisráðuneytinu hélt einnig erindi ásamt Febe Gomes frá Mósambík og Homaira Nomani frá Afganistan sem báðar voru nemendur við jafnréttisskólann.

Systir mánaðarins

Í dag styrkja rúmlega þrjú þúsund manns starf UN Women með mánaðarlegum framlögum. Styrktaraðilarnir eru á öllum aldri og úr hinum ýmsum áttum. Samtökin vildu kynna styrktaraðilum sínum betur með því að taka stutt viðtöl við þá um jafnréttismál sem birt voru einu sinni í mánuði á heimasíðu samtakanna og á fésbókinni. Viðtölin vöktu gríðarlega athygli og rötudu sum þeirra í fjölmiðla.

Þróunarsamvinna ber ávöxt

UN Women og önnur frjáls félagsamtök í alþjóðlegu hjálparstarfi tóku



Janneke og Simone frá Bandaríkjunum störfuðu sem sjálfboðaliðar í tvær vikur á skrifstofunni.

höndum saman í annað sinn ásamt Þróunarsamvinnustofnun Íslands um að vekja almenning til vitundar um mikilvægi baráttunnar gegn fátækt og gegn fátækt og hungri í heiminum með áttakinu *Þróunarsamvinna ber ávöxt*. Fjöldi þekktra tónlistarmanna lögðu áttakinu lið og er óhætt að segja að það hafi heppnast mjög vel.

Skrifstofan

Flutningar

Miðstöð Sameinuðu þjóðanna sem samanstendur af UN Women, UNICEF og Félagi Sameinuðu þjóðanna flutti af Laugavegi 42 í stærra húsnæði á fimmtu hæð gamla Sjónvarpshússins á Laugavegi 176. Starfskonur UN Women tóku þessum breytingum fagnandi enda bjart og fallett rými. Í tilefni af flutningunum var efnt til veislu fyrir helstu velunnara og var boðið upp á

kræsingar og Bollywood-dans. Fasteignafélagið Reitir sem á húsnæðið, veitir miðstöðinni afslátt af leigu og gerði skrifstofurýmið upp með glæsilegum hætti þannig að það hentaði starfsemi félaganna þriggja.

Nýjar starfskonur

Álfheiður Anna Pétursdóttir hóf störf hjá UN Women á vormisseri í gegnum verkefni Vinnumálastofnunar. Hún hélt utan um Systralagið og götukynna UN Women. Þá stóð hún einnig fyrir dansnámskeiði á haustmánuðum rétt áður en hún fór í barneignarleyfi. Þóra Helgadóttir var ráðin fyrri part árs í 20 prósent starf sem fjármálastýra UN Women á Íslandi. Hennar helstu verkefni voru að sinna bókhaldi fyrir samtökin ásamt launavinnslu. Hún þurfti frá að víkja seinni parts árs og þökkum við Þóru kærlega fyrir vel unnin störf. Anna Rósa Bjarnadóttir hefur sinnt starfi fjármálastýru síðan.

Starfsnemar

Lilja Björg Guðmundsdóttir lagði samtökunum lið yfir sumarmánuðina með því að skrasetja nýja styrktaraðila. Þá barst skrifstofu einnig óvæntur liðsstyrkur frá tveimur ungum stúlkum frá Bandaríkjunum, Janneke og Simone de Jong. Þær skipulögðu bókasafn skrifstofunnar ásamt öðrum skemmtilegum verkefnum. Á haustmánuðum tók Freyja Barkadóttir meistaranemi í kynjafræði til starfa og vann á skrifstofunni í þrjá mánuði. Hún tók það viðamikla verkefni að sér að halda utan um sjálfboðaliða UN Women í tengslum við fjárflyunarkvöldverð samtakanna ásamt öðrum óvæntum verkefnum. Þá tók Andrea Einarsdóttir einnig virkan þátt í undirbúningi kvöldverðarins. Landsnefndin þakkar öllum starfsnemum innilega fyrir vel unnin störf.

Ungmennaráð landsnefndar UN Women

Við stofnun ungmennaráðs UN Women í september var greinilegt að mikill áhugi er meðal ungs fólks á málefnum kvenna og kynjajafnrétti. Í fyrstu var ákveðið að einblína á fræðslu og vitundarvakningu meðal ungs fólks um starf UN Women. Þegar á hólminn var komið var ungt fólk þó ekki einungis áhugasamt um starfsemina heldur einnig mun viljugra að styrkja starfið með fjárframlögum en upprunalega var talið. Þetta breytti eðli starfseminnar að því leyti að ungmennaráðið sinnir nú einnig fjáröflun auk vitundarvakningar. Við höfum upplifað mikinn samhug meðal ungs fólks gagnvart málefnum.

Strax í upphafi var ákveðið að hafa starfsemina opna öllum þeim ungmennum sem vilja taka þátt í að dreifa boðskapnum og kom í ljós mikill áhugi.

Stofnaðar hafa verið viðburðanefnd og málefnanefnd innan ráðsins og hafa meðlimir þeirrar síðarnefndu tekið að sér að skipuleggja skólaheimsóknir. Þar fá ungmennaráðsliðar tækifæri til að koma í kennslustundir bæði í grunnskólum og framhaldsskólum og fræða ungt fólk um UN Women. Við sjáum strax árangur þess að láta ungan fræða ungan og hafa fræðsluna á jafningja-grundvelli.

Viðburðanefnd ungmennaráðsins stóð svo fyrir Appelsínugula deginum þann 25. október á Kex Hostel. Var viðburðurinn tileinkaður pakistönsku baráttustúlkunni Malölu og heppnaðist afar vel. Það er mikilvægt að ungt fólk hafi vettvang til að fræðast um kynjajafnrétti og stöðu kvenna í fátækustu ríkjum heims. Vitundarvakning er þörf meðal ungu kynslóðarinnar. Okkar viðhorf skiptir sköpum, því við erum jú framtíðin.

Salka Margrét, formaður

Nýr samningur við utanríkisráðuneytið

Landsnefnd UN Women á Íslandi á í góðu samstarfi við utanríkisráðuneytið (UTN). Samstarf ráðuneytisins og landsnefndar UN Women gegnir mikilvægu hlutverki við framkvæmd og samþættingu tveggja lykilmarkmiða í utanríkisstefnu Íslands, þ.e. að efla þróunarsamvinnu og styðja við jafnrétti kynjanna. Góð samskipti og samráð hafa verið afar gagnleg fyrir aukið upplýsingaflæði milli starfsmanna UTN, landsnefndarinnar, UN Women í New York og fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum.

Samstarfssamningur UN Women og utanríkisráðuneytisins var endurnýjaður á árinu til þriggja ára. Styrkurinn er félaginu ómetanlegur til að tryggja rekstur skrifstofunnar. Samkvæmt samstarfssamningunum sinnir landsnefndin fræðslu friðargæsluliða og útsendra sérfræðinga um jafnréttismál með sérstaka áherslu á ályktun öryggisráðsins númer 1325 er varðar konur, frið og öryggi. Landsnefndin hefur sinnt ráð-



gjöf við undirbúning nýrrar áætlunar Íslands um framkvæmd ályktunar 1325 og lauk þeirri vinnu á árinu. UN Women á Íslandi tók einnig að sér greiningu á skýrslum og verkefnum eftir þörfum. Fjárhagslegur stuðningur Íslands við UN Women hefur aukist undanfarin ár og er mjög ánægjulegt að UN Women er nú ein af fjórum lykilstofnunum í þróunarstarfi Íslands og jafnréttismál eru þverlæg í öllum verkefnum Íslands. Á árinu 2012 námu samanlögð framlög 156 milljónum króna að meðtöldu framlagi til landsnefndarinnar. Síðastliðin ár hafa almenn, óeyrna-merkt framlög til UN Women hækkað umtalsvert milli ára, en almenn fram-

lög eru afar mikilvægur þáttur í að veita stofnunum svigrúm til að veita fé til þeirra svæða er mest þurfa á aðstoð að halda og þegar bregðast þarf skjótt við. Árið 2012 námu almenn framlög til UN Women 76,2 milljónum króna, sem er um 30% hærra en árið á undan.

Fé var lagt Styrktarsjóðs SP til afnáms ofbeldis gegn konum auk þess sem sérstök framlög fóru til starfsemi UN Women í Afganistan og Palestínu. Þá var jafnframt veitt fé til verkefnis stofnunarinnar á sviði loftslagsmála sem hefur að meginmarkmiði að tryggja að jafnréttissjónarmiðum sé komið á veg í alþjóðlegum samingaviðræðum og stefnumótun á sviði loftslagsmála. Eins og undanfarin ár fjármöggnuðu Íslendingar stöðu jafnréttisfulltrúa á skrifstofu UN Women í Sarajevo, en meginverkefni starfsmannsins lúta að framkvæmd ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1325 um konur, frið og öryggi.

Overview of 2012

Awareness-raising NCI Youth Council

The first youth council for the Icelandic National Committee was established in 2012 to everyone's delight. After several months of preparation from a group of dedicated boys and girls, the Youth Council was officially launched in the autumn, and needless to say, with great response. The preparation committee held an open house where over 50 people, who wanted to know more about UN Women and the Youth Council, showed up. A few weeks later, a board consisting of 11 members was elected. The Youth Council's first task was to organise an event for Orange Day. The Youth Council organised a concert at Kex Hostel where several up and coming bands played to a full house and eminent feminist speakers spoke to the audience on the importance of activism, greater gender equality and women's empowerment in the world.

Sister of the Month

To engage with our monthly donors, we nominated one donor each month to answer a few questions about gender equality and its importance and posted

the answers on our website and Facebook page. Every month the NCI got great response from followers and often, our so called "Sisters of the month" found their way into the newspapers.

Candle Light Walk

On November 25th, the International Day for the Elimination of Violence against Women, the NCI held its annual Candle Light Walk. This year, the NCI honoured two women who have been prominent in the fight against gender-based violence in Iceland, Hildur Liljendahl and Hanna Björg Vilhjálmsdóttir. Over 150 people showed up to support the cause, and it's sufficient to say that it was an amazing moment. The NCI also asked people in attendance to sign a petition to the Icelandic Government where the NCI demanded that Icelandic authorities do everything in their power to eliminate violence against women in Iceland and other countries. The evening ended with a special screening of the award winning film *Tyrannosaur* at Bíó Paradís (Paradise Cinema, an independent cinema in Reykjavik). All proceeds from the film were donated to the NCI.



Collaboration with Reykjavik Shorts & Docs

The NCI collaborated with The Reykjavik Shorts & Docs film festival in the category *Women in film*. The NCI took part in a panel after the screening of the film "The Price of Sex", on the topic of human trafficking and moderated a panel discussion on FGM and labiaplasty after the film "Sarabah".

Orange Day

The international campaign Orange Day really struck a chord with the Icelandic public. The NCI asked followers on Facebook and Twitter to post photos of themselves wearing orange. Men, women, children and even Ministry staff wore orange in commemoration of Orange Day. On the second Orange Day, the NCI dedicated the day to women in Afghanistan. Business owners on Reykjavik's high street participated in Orange Day by decorating their window displays in the colour orange. Outside the vintage store Nostalgia, young women wore burkas to draw attention to the state of women's rights in Afghanistan.

Patrons

It has been a tradition of the Icelandic National Committee over the years to nominate prominent women as patrons of the NCI. In September, two patrons were selected and honoured in a beautiful ceremony in Reykjavik's botanical garden. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, noted anthropologist, and actress Unnur Ösp Stefánsdóttir will serve as patrons for the next two years. Official duties of the NCI's patrons are to raise





awareness and engage in discourse concerning gender equality and women's empowerment in the developing world.

Fundraising

The Sisterhood Campaign

The NCI promotes the *Sisterhood Campaign* every summer for eight weeks by employing a group of Street "facers". This year, a passionate group of young adults surpassed all expectations when over 800 new donors joined the Sisterhood Campaign. The Sisterhood Campaign now has 3000 monthly donors and the average donation is 10 USD. It is cheerful to note that the average monthly donation this summer was 1 USD higher from the previous year.

Charity Concerts

The social music marketplace Gogoyoko approached the NCI about doing a charity concert. Some of Iceland's most promising bands joined hands for one evening to produce a memorable event with great music. All artists donated their time and work and

all proceeds from the concert went to the NCI. Gogoyoko also threw another informal concert at one of Iceland's busiest cafés where the Icelandic folk singer Snorri Helgason and Mr. Silla sang songs about women dedicated to UN Women. All proceeds from that concert also went directly to the NCI.

Theatre

Performance on IWD

The Reykjavík theatre company celebrated International Women's Day by doing a special theatre performance of the award-winning play *Incendies* by Wajdi Mouawad. After the show, the director and cast of the play answered the audience's question, and it is suffice to say that the discussion was very intense and informative. All proceeds from the performance went to the NCI.

Donation Boxes

The NCI made special donation boxes which were distributed to all major cafés and restaurants in the Reykjavík area. The general public has shown great generosity by donating change to the cause with no cost at all for the NCI.

Fundraising dinner

In November, the NCI held its second fundraising dinner with great success. The NCI invited its donors and friends to a three course meal and to enjoy music and other entertainment. All proceeds from the dinner went to the UN Trust Fund to End Violence against Women. The Executive Director of the Trust Fund, Meryem Aslan, was a guest of honour at the dinner. Everyone who participated in the preparation of the dinner, whether it be artists or companies, donated their time and work to the cause. It shall also be noted that

several whole sales donated food for the dinner.

Reykjavik Marathon

Around 30 people ran in the name of the NCI in the annual Reykjavik Marathon, which was a huge success. All runners ran with an orange ribbon around their arm to be easily recognised by our powerful cheerleading squad. Our runners collectively raised approximately 2000 USD.

Sponsors of the National Committee of UN Women in Iceland

The NCI and the Ministry for Foreign Affairs (MFA) signed a new co-operation agreement in 2012. According to the earlier agreement; the MFA stipulated 5.5 million ISK to the NCI in 2012, which in return works closely with the Ministry on issues relating to women's empowerment and development. Special emphasis is on the Security Council's Resolution 1325 and other related resolutions regarding Women, Peace and Security. The Executive Director of the NCI held several trainings on Resolution 1325 for Icelanders going abroad on Peace Keeping Missions.

Government support

The Icelandic Government continues to support UN Women internationally. UN Women is one of four key bodies that the Ministry for Foreign Affairs supports. The Ministry has fulfilled its commitment to the cause with 156 million ISK which includes the contribution to the NCI. Financial support includes core contribution to UN Women as well as a contribution to the UN Trust Fund to End Violence against Women. The MFA also supported UN Women field offices in Palestine and Afghanistan.

Ársreikningur UN Women á Íslandi 2012

Tekjur

Heildartekjur ársins voru rúmlega 40 m.kr. Það söfnuðust 28.5 m.kr í gegnum Systralagið og félagsmenn greiddu rúmlega 1.1 m.kr í félagsgjöld. Rekstrarstyrkur frá utanríkisráðuneytinu nam 5.5 m.kr á árinu og er það samkvæmt samstarfssamningi. Aðrar tekjur námu 5 m.kr. Má þar helst nefna að verzlunin ELLA styrkti Styrktarsjóð Sp til afnáms ofbeldis gegn konum um rúmar 420 þ.kr. Tekjur af fjáröflunarkvöldverði voru 2 m.kr, tekjur af vörusölu voru tæplega 1 m.kr. Auk þess námu nettó vaxtatekjur 470 þ.kr.

Uppreiknaður styrkur til alþjóðlegra verkefna UN Women vegna tekna landsnefndarinnar árið 2012 eru tæpar 19 m.kr. Send voru út framlög upp á 18.5 m.kr og mismunurinn verður sendur út 2013.

Útgjöld

Rekstrarkostnaður

Starfsmannatengdur kostnaður er stærsti útgjaldaliður skrifstofunnar og nam hann tæplega 13,6 m.kr á árinu. Annar rekstrarkostnaður skrifstofu nam tæpum 3 m.kr., en landsnefnd UN Women á Íslandi deilir skrifstofu með UNICEF á Íslandi og Félagi Sameinuðu Þjóðanna.

Viðburðir og verkefni

Kostnaður vegna Systralagsins var tæplega 2.3 m.kr á árinu og fólst sá kostnaður einkum í launum átta götukynna sem störfuðu í júní og júlí. Systralag UN Women hófst árið 2009 og er nú orðin aðalfjáröflunarleið félagsins þar sem tæplega 3.000 manns styrktu félagið mánaðarlega í lok árs 2012. Stærsti við-



burður félagsins á árinu var fjáröflunarkvöldverður í nóvember. Kostnaður vegna kvöldverðarins var rúmlega 750 þ.kr. en innkoma tæpar 2 m.kr.

Helstu tekjur og gjöld

Tekjur	<i>í þús.kr.</i>
Söfnunarfé Systralagsins	28.483
Félagsgjöld	1.131
Aðrar tekjur og styrkir	10.507
Samtals	<u>40.121</u>

Kostnaður vegna viðburða og verkefna

Systralagið	2.235
Fjáröflunarkvöldverður	751
Önnur fjáröflun	769
Kostnaður vegna kynningarstarfs	336
Samtals	<u>4.091</u>

Rekstur skrifstofu

Laun og tengdur kostnaður	13.623
Rekstur skrifstofu	2.819
Samtals	<u>16.442</u>
Framlög til verkefna UN Women	18.985
Samtals	<u>18.985</u>



Frá vinstri: Birna Guðmundsdóttir, Þorsteinn Bachmann, Magnús Árni Magnússon, Olga Eleonora M. Egonsdóttir, Regina Bjarnadóttir, Aðalheiður Þorsteinsdóttir, Margrét Rósa Jochumsdóttir og Ólafur Stephensen. Á myndina vantar Þóreyju Vilhjálmsdóttur, Ólöfu Ýrr Atladóttur og Rögnu Söru Jónsdóttur.

Stjórn UN Women á Íslandi 2012-2013

Formaður

Regína Bjarnadóttir, þróunarhagfræðingur

Varaformaður

Ólafur Þ. Stephensen, ritstjóri

Gjaldkeri

Olga Eleonora M. Egonsdóttir, fjármálastjóri

Meðstjórnendur

Aðalheiður Inga Þorsteinsdóttir, alþjóðastjórnsmálafræðingur

Magnús Árni Magnússon, dósent

Margrét Rósa Jochumsdóttir, þróunarfræðingur

Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri þurfti að víkja vegna anna

Þorsteinn Bachmann, leikari

Þórey Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri

Varastjórn

Birna Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri þurfti að víkja vegna anna

Ragna Sara Jónsdóttir, þróunar- og viðskiptafræðingur

Aðalfundur UN Women á Íslandi var haldinn 26. apríl 2012 á Café Haiti og tók þá ofantalin stjórn til starfa. Hanna Björg Vilhjálmsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Eru henni þökkúð góð störf í þágu UN Women í gegnum tíðina.



UN Women á Íslandi

Laugavegi 176
Miðstöð Sameinuðu
þjóðanna á Íslandi
105 Reykjavík
Sími 552 6200
unwomen.is

